

Fimmtudaginn 3. apríl 1997.

Nr. 144/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Stefáni Axel Stefánssyni

(Elín Árnadóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. apríl 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1997. Krefst hann þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 25. apríl 1997 kl. 16. Sóknaraðili reisir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eins og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði, verður fallist á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Rannsókn máls þessa, sem er umfangsmikil og beinist að stórfelldum fjársvikum og skjalafalsi margra manna, er á frumstigi. Með vísan til þessa verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 25. apríl 1997 kl. 16.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Stefán Axel Stefánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 26. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Stefáni Axel Stefánssyni, kt. 291170-2939, með lögheimili að Laugavegi 22, Reykjavík, en dvalarstað að Fjallalind 105, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í gær kl. 17.15 á söluskrifstofu Jöfurs hf. vegna grunar um aðild að stórfelldum fjársvika- og skjalafalsbrotum, er varða félagið Brúnir. Telur lögreglan, að vörur hafi verið sviknar út í nafni Brúna og Más Karlssonar hjá BYKO fyrir 798.096 kr. og Raftækjaverslun Heklu hf. fyrir 1.095.727 kr. með kaupum á bifreiðum, að verðmæti 2.090.129 kr., notkun á fölsuðu veðskuldabréfi, að fjárhæð 3.600.000 kr. og sölu á fjölda viðskiptabréfa í ýmsum bankastofnunum, þar sem fjárhæðir skipta milljónum, en vitað er fyrir víst um víxla að fjárhæð 4.700.000 kr.

Við handtöku var kærði að afhenda starfsmanni Jöfurs hf. skuldabréf, að fjárhæð 500.000 kr., út gefið af Brúnum og Má Karlssyni fyrir þess hönd. Einnig hafði hann í förum sínum fimm önnur skuldabréf samhljóða áðurgreindu bréfi, tékkhefti frá Landsbanka Íslands með sex óútfylltum, en út gefnum tékkum með nafni Más Karlssonar auk annarra skjala, sem tengjast Brúnum.

Kærði hefur neitað sakargiftum. Hann hefur m. a. borið, að hann hafi verið starfsmaður Más Karlssonar og starf sitt falist í því að kaupa inn vörur fyrir hann. Ljóst er, að kærði hefur átt beinan þátt í að skuldbinda Má Karlsson og fyrirtæki hans, Brúnir, en Már hefur borið hjá lögreglu, að hann geti ekki staðið undir þeim fjárskuldbindingum, sem hann hefur tekist á hendur. Framburður kærða þykir ótrúverðugur, og með hliðsjón af gögnum málsins þykir grunur lögreglunnar um, að kærði eigi aðild að fjársvikum, rökstuddur, en það brýtur gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gæti því varðað hann fangelsi. Málið er umfangsmikið, en rannsókn þess er á frumstigi. Lögreglan telur fjölda aðila tengjast málinu með ýmsum hætti og auk þess er mikill hluti þeirra muna, sem grunur leikur á um, að hafi verið sviknir út, enn ófundinn. Í ljósi þess þykir ástæða til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, ef hann færi frjáls ferða sinna.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til fimmtudagsins 17. apríl nk. kl. 16.00.

1147

Úrskurðarorð:

Kærði, Stefán Axel Stefánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. apríl 1997 kl. 16.00.
